

MOSFELLINGUR

VEFÚTGÁFA

www.mosfellingur.is



13. TBL. 20. ÁRG. FIMMTUDAGUR 18. NÓVEMBER 2021 • DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS



Mynd/Hilmar

ÓLAFUR SNORRI, JÓHANNES,
BRÍET OG SIGURÐUR ÁÐUR
EN STIGIÐ VAR Á STOKK

Karлакór Kjalnesinga fagnaði stórafmæli 6. nóvember • Bríet tók lagið Esjuna

SYNGJANDI GLAÐIR Í 30 ÁR

Karлакór Kjalnesinga hélt glæsilega afmælistónleika í Hallgrímskirkju laugardaginn 6. nóvember. Kórinn hefur starfað í 30 ár en hann var stofnaður árið 1991 af nokkrum félögum af Kjalarnesi og Kjós. Páll Helgason stjórnaði kórnum fyrstu 20 árin en hann hafði mikil áhrif á tónlistar- og menningarlíf í kringum sig.

Núverandi kórstjóri er Þórður Sigurðsson og sérstakir gestir

kórsins á tónleikunum voru söngkonan Bríet og Karлакórinn Hreimur.

„Við komum í sjálfu sér vel undan Covid þótt starfið hafi að miklu leyti legið niðri,“ segir Jóhannes Baldursson formaður kórsins. „Virðilega ánægjulegt að geta haldið þessa afmælistónleika fyrir fullu húsi á þessum skrytnu tímum enda höfum við ekki getað haldið tónleika í næstum tvö ár.“

»12

www.fastmos.is

VIÐ VILJUM VINNA FYRIR ÞIG!

Fasteignasala
Mosfellsbæjar

Svanþór Einarsson

☎ 698-8555

Sigurður Gunnarsson

☎ 899-1987



Svanþór Einarsson löggiltur fasteignasali

Fastmos ehf

Alla leið
á öruggari
dekkjum

Pantaðu tíma á n1.is

N1 Langatanga 1a
Mosfellsbæ



Mosfellingurinn Gróa Karlsdóttir skólalíði

Mikið ríkidæmi að fá að
starfa með unglíngum »20

MOSFELLSBAKARI.IS
HÁHOLT 13-15
HÁALEITISBRAUT 58-60

JÓLIN ERU KOMIN Í
MOSFELLSBAKARÍ



RÉTTINGAVERKSTÆÐI
Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is
WWW.JONB.IS



CAB
CABAS



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI
SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR

Útgefandi: Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Hilmar Gunnarsson, hilmar@mosfellingur.is

Ritstjórn:

Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, annaolof@mosfellingur.is

Ragnar Þór Ólason, raggiola@mosfellingur.is

Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is

Prentun: Landsprent. Upplag: 5.000 eintök. Dreifing: Afturelding.

Umbrot og hönnun: Mosfellingur ehf.

Prófkörk: Ingibjörg Valsdóttir ISSN 2547-8265

Tekid er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.

Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti.

Næsti Mosfellingur kemur út 9. desember

Hálft ár til stefnu

Sveitarstjórnarkosningarnar 2022 fara fram 14. maí, eftir hálft ár. Íbúar Mosfellsbæjar eru orðnir 13.000 og mun bæjarfulltrúum fjölga úr 9 í 11. Undirbúningur er að hefjast og ljóst er að næstu mánuðir verða spennandi.



Næst að endurvekja Framsóknarflokkinn?

Heldur Miðflokkurinn velli?

Verður Viðreisn áfram næststærsta aflið í bænum?

Heldur valdatíð Sjálfstæðisflokksins áfram?

Erú Vinir Mosfellsbæjar komnir Etil að vera?

Heldur VG áfram lífi í meiri-hlutanum?

Nær Samfylkingin sér á beinu brautina?

Eiga Íbúahreyfingin og Píratar afturkvæmt?

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellingar



ÍSFLUGL

www.isflugl.is



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

FJÖLDI ÍBÚA Í MOSFELLSBÆ

Í Mosfellsbæ hefur fjölgun íbúa verið afar hröð og eflaust með því mesta á landsvísi. Undir lok ársins 1988 stefndi í að íbúatalan næði 4.000 íbúa markinu. Það gerðist svo þann 1. nóvember að hjónin Margrét Þóra Baldurdóttir og Guðjón Valgeirsson eignuðust fjórbura, fjögur stúlkubörn. Íbúatalan fór úr 3.997 í 4.001. Mosfellingar eru nú um 13.000 talsins.

Myndirnar eru fengnar úr Mosfellsþóstinum.



11. DESEMBER 1988



Fjórburarnir skírðir

Sunnudaginn 11. desember hættu fjórburarnir að vera aðgreindir með stöfunum A, B, C og D. Að vísu heldur stafrófsröðin áfram, nema C breyttist í E. A heitir Alexandra, B varð Brynhildur, C varð Elín og D heitir Diljá. Hér á myndinni sem tekin var við skírningina í Lágafellskirkju á sunnudaginn eru frá vinstri, séra Birgir Ásgeirsson, faðirinn Guðjón Sveinn Valgeirsson með Diljá, afinn, Sigurður E. Sigurðsson, heldur á Elínu, stóri bróðir Jóhannes Baldur er með Brynhildi og móðirin Margrét Þóra Baldurdóttir heldur á Alexöndru.

Umsjón: Birgir D. Sveinsson (birgird@simnet.is)

HÉÐAN OG ÞAÐAN



Getur þú fundið Benjamin falinn í blaðinu?

Hringdu

skólanet Hringdu


hraðasta internetið

ótakmarkað gagnamagn

langbesta verðið

fyrir námsmenn

7.600 kr. á mánuði



Fasteignasala Mosfellsbæjar



Svanþór Einarsson
Lögg. fasteignasali



Egilína S. Guðgeirsdóttir



Þórhildur M. Sandholt
Lögg. fasteignasali



Sigurður Gunnarsson
Lögg. fasteignasali



Theodór Emil Karlsson
Aðstoðarmaður fasteignasala

LINDARBYGGÐ - FALLEGT RAÐHÚS



Fallegt og mikið endurnýjað 109,5 m² fjögurra herbergja raðhús á tveimur hæðum, með stórrri verönd og heitum potti. Eignin skiptist í anddyri, þvottahús, eldhús, borðstofu, tvö svefnherbergi, baðherbergi, sjónvarpshol og svefnrými. Efri hæðin er ekki öll skráð í fermetratölu hússins. Eigninni fylgja tvö merkt bílastæði á bílaplani.

V. 74,5 m.

BUGÐUFLJÓT - NÝTT ATVINNUHÚSNÆÐI



Nýtt atvinnuhúsnæði sem er að rísa á stórri lóð. Bilin eru 113,6 m² og verða afhent í janúar 2022. Tvær innkeyrsluhurðir eru á hverju bili. Mögulegt er að fá rétt á að skrá milliloft í bilin, fjölga þannig fermetrum og auka verðmæti þeirra.

V. 39,2 m.



REYKJAHVOLL

931,7 m² eignarlóð. Fyrir liggja samþykktar teikningar af 278,7 m² einbýlishúsi á tveimur hæðum með möguleika á aukabúð.

V. 33 m.



EYJABAKKI

Sumarbústaðalóðir við Eyjabakka í Kjós. Stutt er í þjónustu og fallegar gönguleiðir. Á svæðinu er verslun og veitingahús. Á hverri lóð er heimilt að byggja eitt frístundahús og eitt aukahús. Hámarksbyggingarmagn á lóð er 100 m², þ.e. frístundahús og aukahús, aukahús skal þó ekki vera meira en 50 m².

V. 5,4 - 6,3 m.

VEFARASTRÆTI - FALLEG 2JA HERBERGJA ÍBÚÐ



Falleg og vel skipulögð 70,0 m² 2ja herbergja íbúð á annarri hæð í lyftuhúsi. Íbúðin skiptist í svefnherbergi, baðherbergi/þvottaherbergi, forstofu, eldhús, stofu og borðstofu. Sérgeymsla á jarðhæð.

Vegna mikillar sölu vantar okkur allar gerðir eigna

VIÐ VILJUM VINNA FYRIR ÞIG



Svanþór Einarsson
Löggiltur fasteignasali
698-8555
Svanthor@fastmos.is



Sigurður Gunnarsson
Löggiltur fasteignasali
899-1987
Sigurdur@fastmos.is

Ljós í nýjum jólagarði tendruð



LJÓSIÐ Í MYRKRINU

„Jólaskreyttur garður á Hlégarðstúni þar sem fólk gerir sér ferð til að heimsækja staðinn og eiga góðar stundir.“

Þannig hljómaði ein af þeim hugmyndum sem kosnar voru til framkvæmdar í Lýðræðisverkefninu Okkar Mosó á árinu 2021.

Frábær hugmynd sem vekur hlýju

Jólagarðurinn var formlega opnaður þegar Haraldur Sverrisson bæjarstjóri og börn í 4. bekk í Varmárskóla tendruðu ljósin í fyrsta sinn. Andlit barnanna ljómuðu ekki síður en garðurinn enda er fátt ævintýralegra en falleg jólaljós. „Við vonum að jólagarðurinn við Hlégarð veki hlýju í brjóstum bæjarbúa og þökkum kærlega fyrir þessa frábæru hugmynd,“ segir í tilkynningu frá Mosfellsbæ.

Samráðsverkefni íbúa og bæjarins

Okkar Mosó er samráðsverkefni íbúa og bæjarins um forgangsröðun og úthlutun fjármagns til smærri nýframkvæmda og viðhaldsverkefna í Mosfellsbæ. Hugmyndirnar geta tengst því að gera Mosfellsbæ betri, skapa eitthvað nýtt, efla hreyfingu, hafa jákvæð áhrif á umhverfi og íbúa til útivistar og samveru, bættar lýðheilsu eða aðstöðu til leikja og skemmtunar.



KRAKKAR Á SVEIMI



Samið um uppbyggingu skíðaaðstöðu

Samkvæmt samkomulagi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um uppbyggingu skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins er gert ráð fyrir um 5,2 milljarða kr. fjárfestingu í innviðum vegna skíðaiðkunar til ársins 2026. Markmið uppbyggingarinnar er að bæta aðstöðu og þjónustu fyrir alla hópa skíðaiðkenda. Gert er ráð fyrir því að settar verði upp nýjar stólalyftur, Gosi og Drottning, í Bláfjöllum, en auk þess er m.a. gert ráð fyrir snjóframleiðslu á skíðasvæðunum, nýrri toglyftu í Kerlingardal, lyftu í Eldborgargili og Skálafelli auk uppbyggingar á skíðagöngusvæði. Sérstakur verkefnahópur hefur verið starfræktur á vettvangi SSH til þess m.a. að undirbúa verkefni og fylgja þeim eftir.

Sjálfstæðismenn í prófkjör 5. febrúar

Ákveðið hefur verið að prófkjör um val frambjóðenda Sjálfstæðisflokksins í Mosfellsbæ fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar fari fram laugardaginn 5. febrúar 2022. Þetta var ákveðið á fundi fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna. Kjörnefnd auglýsir eftir flokksbundnum sjálfstæðismönnum, búsettum í Mosfellsbæ í framboð fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar. Haraldur Sverrisson oddviti Sjálfstæðismanna í Mosfellsbæ hefur gefið það út að hann gefi ekki kost á sér til áframhaldandi setu.

Landsátak í sundi til 28. nóvember

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) í samstarfi við Sundsamband Íslands stendur fyrir landsátaki í sundi frá 1. til 28. nóvember. Syndum er heilsu- og

hvatningarátak sem höfðar til allra landsmanna. Markmiðið er að hvetja almenning til þess að hreyfa sig oftar og meira í sínu daglega lífi og nota meðal annars sund til þess. Til þess að taka þátt þarf að skrá sig inn á syndum.is. Syndum saman hringinn í kringum Ísland. Þeir metrar sem þú syndir safnast saman og á syndum.is verður hægt að sjá hversu marga hringi landsmenn hafa synt.



KIRKJUSTARFIÐ



WWW.LAGAFELLSKIRKJA.IS

Haraldur Sverrisson hefur verið bæjarstjóri frá árinu 2007 • Gefur ekki kost á sér áfram

Hættir sem bæjarstjóri í vor

Haraldur Sverrisson bæjarstjóri í Mosfellsbæ hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu í bæjarstjórn við bæjarstjórnarkosningarnar sem haldnar verða í maí á næsta ári.

Þetta tilkynnti Haraldur á fjölmönnum fundi fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Mosfellsbæ. Haraldur er oddviti Sjálfstæðismanna í Mosfellsbæ og hefur verið bæjarstjóri frá árinu 2007, setið í bæjarstjórn frá árinu 2002 og var varabæjarfulltrúi á árunum 1998 til 2002.

Sveitarfélag í fremstu röð

„Ég var svona búinn að hugsa það með sjálfum mér fyrir fjórum árum að þetta yrði mitt síðasta kjörtímabil í bæjarstjórn Mosfellsbæjar en umfram allt hefur þetta verið afskaplega skemmtilegur og gefandi tími,“ segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri.

„Ég hef verið bæjarstjóri frá árinu 2007 sem er lengst allra sem gegnt hafa þessu embætti í Mosfellsbæ. Á þessum tíma hefur íbúum fjölgað um helming og þó ég segi

sjálfur frá hefur alveg ótrúleg uppbygging átt sér stað hér á umliðnum árum. Mest um vert er að bæjarbúar eru stoltir af sínu sveitarfélagi, þeir standa vörð um samfélagið og sú þjónusta sem við veitum er í fremstu röð samkvæmt mælingum.

Þakkir til samstarfsfólks

Ekkert af þessu gerist fyrir tilviljun og ég vil þakka það góðri samvinnu innan meirihluta bæjarstjórnar og einnig okkar frábæra starfsfólki.

Ég vil því nota þessi persónulegu tímamót til að þakka samstarfsfólki mínu, kjörnum fulltrúum, starfsfólki Mosfellsbæjar og öðrum fyrir farsælt samstarf. Síðast en ekki síst vil ég þakka íbúum Mosfellsbæjar fyrir að fá að vinna með þessu góða samfélagi í öll þessi ár, það hefur gefið mér mikið. En ég mun gegna starfi bæjarstjóra af trúmennsku þar til í vor þegar kjörtímabilinu lýkur.“



HARALDUR SVERRISSON

Deilt um vegg í Leirvogstungu

Skemmdarverk voru unnin á steiptum skjólvegg í Vogatungu á dögnum. Skilaboðin voru skýr: „Burt með vegginn.“

Eigandi veggjarins segist hafa verið í samráði við Mosfellsbæ þegar veggurinn var reistur. Aðrir benda á veggurinn dragi úr umferðaröryggi við götuna.

Eigandinn segir vinnu í gangi til að reyna að laga gatnamótin í heild sinni.



ÓSKEMMTILEG AÐKOMA

HELGIHALD NÆSTU VIKNA

Guðsþjónustur í Lágafellssókn falla niður til 8. desember vegna sóttvarnar-ákvæða. Í staðinn verður helgistundum streymt á heimasíðu og samfélagsmiðlum. Sunnudagaskólinn verður á sínum stað í Lágafellskirkju kl. 13 nema annað komi fram.

KYRRÐARDAGAR Á AÐVENTU Í MOSFELLSKIRKJU

Laugardaginn 4. desember kl. 9–11.

Umsjón: sr. Ragnheiður Jónsdóttir. Laugardaginn 12. desember kl. 9 – 11. Umsjón: sr. Arndís Linn.

FORELDRA MORGNA

Á fimmtudögum kl. 10-12 í safnaðarheimilinu, Þverholti 3, 3. hæð. Nánari dagskrá fram að jólum á heimasíðu.

LÝSING Í KIRKJUGÖRÐUM

Fyrstu helgi í aðventu mun Ingibjörg

B. Ingólfssdóttir ásamt sínu fólki setja upp ljóskrossa á leiði í kirkjugörðum Lágafellssóknar. Allar nánari upplýsingar veitir Ingibjörg B. Ingólfssdóttir í síma 8992747 eða í gegnum netfangið leidisljós@gmail.com Við hvetjum til að notuð séu vistvæn efni í skreytingum á leiðum!

Nánari upplýsingar á www.lagafellskirkja.is & endilega fylgdu okkur á samfélagsmiðlum

100% RAFMÖGNUM ÍTÖLSK HÖNNUN



SANNKALLAÐ RAFKRÚTT
LÍTILL OG NETTUR MEÐ AUKAHURÐ
FRAMTÍÐIN ER FIAT



TÍMALAUS ÍTÖLSK HÖNNUN MEÐ ALLT AÐ 460 KM DRÆGNI

ALLT AÐ
460 KM DRÆGNI



Drægnin er 320 km skv.
WLTP í blönduðum akstri

LÍTILL
LEIÐSÖGUMAÐUR



Kemur þér
á áfangastað

INNBYGGÐ
HRAÐHLEÐSLA



Dagleðsla á aðeins
5 mínútum (50 km)

GLÆNÝTT 10.25"
UPPLÝSINGAKERFI



Tengist snjallsímanum
auðveldlega

Rafhlaðan er 42KW og er 8 ára ábyrgð á rafhlöðu og 5 ára ábyrgð á bílnum. 500e er sjálfskiptur og framdrifinn. Með 85KW hraðhleðslu er hægt að hlaða 50 km drægni á 5 mínútum.

Ásgeir býður sig fram í 1. sæti

Ásgeir Sveinsson formaður bæjarráðs og bæjarfulltrúi býður sig fram í 1. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins sem verður haldið 5. febrúar næstkomandi.

„Það gengur vel í Mosfellsbæ“ segir Ásgeir. „Ánægja íbúa mælist mikil og ég hef sinnt mörgum skemmtilegum og krefjandi störfum



í farsælum og sterkum meirihluta D- og V-lista á því kjörtímabili sem nú er að líða. Ég hef brennandi áhuga á velferð Mosfellinga og Mosfellsbæjar. Víðtæk reynsla mín og þekking sem stjórnandi í viðskiptalífnum, vinna mín í bæjarstjórn auk mikillar reynslu af félagsmálum og mannauðsmálum eru meðal annars ástæður þess að ég vil leiða öflugan lista Sjálfstæðisflokksins til áframhaldandi góðra verka fyrir Mosfellsbæ.“

Kristín Ýr býður sig fram í 3.-4. sæti

Kristín Ýr Pálmarsdóttir gefur kost á sér í prófkjöri Sjálfstæðismanna sem fram fer 5. febrúar 2022. „Ég er mikill Mosfellingur og hef ég alið upp börnin mín

hér með mannum mínum honum Jónasi. Ég er lífsglöð og umhyggjusöm kona og vinir mínir segja að ég sé dugleg, traust og bjartsýn. Mér þykir mjög vænt um Mosfellsbæ og langar að taka þátt í að gera frábæran bæ enn betri. Á þessu kjörtímabili hef ég verið varabæjarfulltrúi og varaformaður umhverfisnefndar. Ég gef kost á mér í 3.-4. sæti í prófkjöri Sjálfstæðismanna.“



Rafrænt íbúaping á laugardaginn

Íbúaping um menntastefnu Mosfellsbæjar fer fram á laugardaginn. Boðað var til þingsins fyrir í mánuðinum en sökum samkomutakmarkana var því frestað. Nú verður það haldið laugardaginn 20. nóvember kl. 10-12 og fer fram á vefsíðu Mosfellsbæjar, www.mos.is. Markmið íbúapings er að skapa vettvang fyrir íbúa til að hafa áhrif á mótun menntastefnu Mosfellsbæjar sem nú er í endurskoðun og áætlað er að verði gefin út í janúar 2022. Þema íbúapingsins er: Hvað er góður skóli? Stjórnandi íbúapingsins er Ragnheiður Dögg Agnarsdóttir og skiptir þátttaka íbúa máli.

MOSFELLINGUR

**NÆSTU BLÖÐ:
9. DES OG 23. DES**

mosfellingur@mosfellingur.is



Birna Sigurðardóttir héraðsskjalavörður og Sólveig Magnúsdóttir fyrsti héraðsskjalavörður Mosfellsbæjar við hluta af sýningu sem sett var upp í Kjarna í tilefni 20 ára afmælis safnsins.

Sýning á torginu í Kjarna • Gegnir mikilvægu hlutverki

Héraðsskjalasafnið fagnar 20 ára afmæli

Blásið var til afmælisfagnaðar Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar í Kjarna hinn 22. október. Þess var minnst að Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar var stofnað hinn 24. október 2001 þegar Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður kom og veitti heimild til stofnunar þess.

Áður hafði Sögufélag Kjalarnesþings hvatt bæjarstjórn Mosfellsbæjar til að koma á legg héraðsskjalasafni. Af þessu tilefni voru fluttar ræður og saga safnsins rakin. Að loknu erindi Birnu Sigurðardóttur héraðsskjalavörðar og ávarpi Sólveigar Magnúsdóttur fyrsta héraðsskjalavörðarins sagði Bjarki Bjarnason forseti bæjarstjórnar frá því hvernig safnið hafi komið að miklum notum þegar ákveðið var að skrifa sögu Mosfellsbæjar, en hún kom út árið 2005.

Auk þess sem safnið varðveitir eldri og yngri skjöl bæjarfélagsins gegnir það mikilvægu hlutverki við söfnun og geymslu skjala frá félögum, fyrirtækjum og einstaklingum. Slíkar heimildir komu einnig að miklu gagni þegar aldarsaga Aftureldingar var skráð árið 2009.

Upplýsingaskilti sem sjá má víða í bæjarfélaginu eru prýdd ljósmyndum sem héraðsskjalasafnið átti þátt í að safna. Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður í Kópavogi flutti heillaóskir og tundaði lýðræðislegt hlutverk safnsins. Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður færði safninu bókargjöf. Kristbjörn Egilsson líffræðingur færði héraðsskjalasafninu frumheimildir um býlið Meltún sem hann notaði við samningu bókar um býlið og ábúendur þess, en hann var í sveit í Meltúni sem unglingur.



Birna Sigurðardóttir héraðsskjalavörður tekur við bókargjöf frá Hrefnu Róbertsdóttur þjóðskjalavörðu sem samfagnar Mosfellingum.

Þjóðfræðingarnir Ólafur Ingibergsson og Valgerður Óskarsdóttir unnu með Birnu Sigurðardóttur héraðsskjalavörðu að uppsetningu á sýningu á torginu í Kjarna og í anddyri turnsins í Kjarna. Þar má sjá gamlar ljósmyndir og upplýsingar um mannvirki sem sett hafa svip á Mosfellsveitina síðustu áratugi. Héraðsskjalasafnið er til húsa í Kjarna.



Drög að útliti fjölbýlishúsa sem rísa munu við Bjarkarholt

Lögd hefur verið fram til kynningar skipulagsnefndar drög að aðaluppdráttum og útlitsmyndir fjölbýlishúsanna Bjarkarholts 17 og 19, í samræmi við ákvæði deiliskipulags miðbæjarins.

Gögnin eru unnin af Guðjóni Magnússyni arkitekt hjá Arkform.

Fjölbýlishúsin munu rísa vestan við Bónus þar sem nú stendur hús sem kennt hefur verið við Mosraf.

Jana gefur kost á sér í 2. sæti í prófkjöri

Jana Katrín Knútsdóttir hefur ákveðið að bjóða sig fram í 2. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins. Jana er hjúkrunarfræðingur að mennt með meistaraþráðu

í stjórnun og stefnumótun frá Háskóla Íslands. Jana hefur starfað innan heilbrigðiskerfisins í um 13 ár og þar af 8 ár á Landspítala háskólasjúkrahúsi. Í dag starfar hún sem sölu- og markaðsstjóri hjá Icepharma og var á lista Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi í Alþingiskosningunum fyrr á þessu ári. Jana er fædd og uppalin í Mosfellsbæ, er gift Magnúsi Pálssyni lögglumanni hjá Ríkislögreglustjóra og saman eiga þau tvö börn, Anítu 11 ára og Loga Pál 6 ára. „Mig langar til að vera þátttakandi í áframhaldandi uppbyggingu í bæjarfélaginu ásamt öflugri liðsheil og er full af krafti og vilja til góðra verka í þágu bæjarbúa.“



Rúnar Bragi sækist eftir 3. sæti

Rúnar Bragi Guðlaugsson bæjarfulltrúi óskar eftir áframhaldandi stuðningi á lista Sjálfstæðismanna í prófkjöri sem fer fram 5. febrúar 2022 fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar. „Hef ég mikinn áhuga og metnað á að starfa áfram að sveitarstjórnarmálum og fylgja eftir þeim fjölmörgu góðu málum sem hafa áunnist á þessu kjörtímabili. Ég tel að kraftar mínir og reynsla geti áfram nýst í þeirri miklu og spennandi uppbyggingu sem hefur verið og fram undan er í Mosfellsbæ.“ Rúnar er bæjarfulltrúi, formaður fjölskyldunefndar og öldungaráðs, ásamt því að sitja fyrir hönd Mosfellsbæjar í stjórn Strætó BS. Rúnar starfar sem framkvæmdastjóri Redder ehf. og er giftur Bylgju Báru Bragadóttur og saman eiga þau tvö börn.



Úu konur selja leiðisgreinar fyrir jólin

Í Lionsklúbbnum Úu eru starfandi hressar og duglegar konur sem eru því fylgjandi að jörðin okkar sé sem hreinust og að unnið sé að kolefnisjöfnun jafnt í litlum ríkjum sem stórum. Nú þegar hátíð ljóss og friðar nálgast tíðkast sá fallegi síður hjá mörgum að fara með skreytingu í kirkjugarðinn og leggja á leiði ástvinu. Þetta eru fallegar skreytingar, en því miður er oft í þeim mikið af plastefnum, vírum og fleiru. Eftir að hafa fylgst með hinu háa ráðstefnu-fólki ræða um kolefnisjöfnun jarðar hafa Úu konur ákveðið að framleiða og selja leiðisgreinar sem einungis eru unnar úr hinum lífræna heimi. Hægt er að hafa samband við Lionsklúbbinn Úu í gegnum Facebook. Allur ágóði rennur til góðgerðamála.

BRAGÐGÓÐ OG GIRNILEG HELGARTILBOÐ

GILDA 18.–21. NÓVEMBER



KJÖTSEL

BÆONNE-SKINKA

VERÐ-SPRENGJA!

979 KR/KG
ÁÐUR: 1.999 KR/KG



KJÖTSEL

25% AFSLÁTTUR

Hangilæri með beini

1.874 KR/KG
ÁÐUR: 2.499 KR/STK



32% AFSLÁTTUR

Lambalæri
Heilt, frosið

1.289 KR/KG
ÁÐUR: 1.899 KR/KG



Hamborgarhryggur

1.392 KR/KG
ÁÐUR: 1.784 KR/KG



22% AFSLÁTTUR

KJÖTSEL



KJÖTBANKINN

30% AFSLÁTTUR

Wellington nautalund

5.249 KR/KG
ÁÐUR: 7.499 KR/KG



KJÖTBANKINN

30% AFSLÁTTUR

Lamba-wellington

3.919 KR/KG
ÁÐUR: 5.599 KR/KG



VERÐ-SPRENGJA!

Kalkúnaleggir
Ísfugl - lausfrystir

465 KR/KG
ÁÐUR: 929 KR/KG



Heilsuvara vikunnar!

25% AFSLÁTTUR

Hörfræolia
Änglamark - 250 ml

509 KR/STK
ÁÐUR: 679 KR/STK



KJÖTSEL

Korean corn dog
Deighjúpaðar pylsur

1.199 KR/PK
ÁÐUR: 1.599 KR/PK



25% AFSLÁTTUR



Ananas Ferskur

265 KR/KG
ÁÐUR: 378 KR/KG


30% AFSLÁTTUR

Bláber
125 g

374 KR/ASKJAN
ÁÐUR: 498 KR/ASKJAN

25% AFSLÁTTUR

nettó
Lægra verð - léttari innkaup



FÁÐU BETRA VERÐ MEÐ SAMKAUP Í SÍMANUM

Náðu í appið og safnaðu inneign. Þú getur notað Samkaupa-appið í öllum verslunum Nettó.



Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Gert ráð fyrir rekstrarafgangi 2022

Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar fyrir árið 2022 ber merki aukinna efnahagslegra umsvifa eftir það högg sem heimsfaraldur kórónuveirunnar er og þeirrar viðspyrnu sem Mosfellsbær hefur náð, segir í tilkynningu frá Mosfellsbæ.

Á næsta ári verður unnið að hönnun og framkvæmd nýs leikskóla í Helgafellshverfi, byggingu nýs íþróttahúss í Helgafellsskóla og nýrrar þjónustubyggingar við íþróttamiðstöðina að Varmá.

Þá verður að nýju hægt að halda viðburði í endurnýjuðum Hlégarði en húsið verður tilbúið í byrjun nýs árs. Árið 2022 verður fyrsta heila starfsár Úlfsins frístundaklúbbs fyrir fötluð börn og ungmenni, en áætlað er að starfsemin eigi sér stað allt árið um kring með heilsdagsplássum þegar um skólafrí er að ræða. Nú er þessi mikilvæga þjónusta komin heim en áður var þjónustan veitt utan sveitarfélagsins með tilheyrandi akstri.

Lækkun leikskólagjalda um 5%

Samkomutakmarkanir síðustu mánaða hafa skapað aðstæður hjá sveitarfélögum til þess að stuðla að aukinni notkun rafrænna leiða í þjónustu og Mosfellsbær mun nýta þau tækifæri í samvinnu við íbúa. Í heild verður framkvæmt fyrir um þrjá milljarða til að byggja upp innviði og efla samfélagið. Íbúar eru nú rúmlega 13.000 og mun fjölga um allt að 3,5% á næsta ári.

Í upphafi faraldursins var mörkuð sú stefna að tryggja óbreytta eða aukna þjónustu og byggja upp innviði án þess að ganga of langt í lántöku. Því er áformað að bæjarsjóður verði rekinn með 171 m.kr. afgangi á næsta ári og á sama tíma lækka bæði leikskólagjöld og álagningarprósentur fasteignagjalda. Lækkun leikskólagjalda nemur um 5% á árinu 2022.



HORFT Í ÁTT AÐ HELGAFELLI

Nú stendur yfir vinna við endurskoðun á skólastefnu Mosfellsbæjar sem við munum sjá í byrjun næsta árs. Þá er unnið að því að endurskoða aðalskipulag Mosfellsbæjar og mun þeirri vinnu ljúka fyrir lok yfirstandandi kjörtímabils. Loks er unnið að innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með þátttöku í verkefnum Barnvæn sveitarfélög. Loks er lýðheilsu- og forvarnastefna í samþykktarferli.

Markmiðið var að ná viðspyrnu

„Markmið okkar í Mosfellsbæ við upphaf heimsfaraldursins var að ná viðspyrnu og verja þjónustu við íbúa,“ segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri.

„Fjárhagsáætlunin ber þess skýr merki að þeim markmiðum er náð sem endurspeglar sterka stöðu sveitarfélagsins til að mæta tímabundnum fjárhagslegum áföllum.

Í fjárhagsáætlun ársins 2022 er gert ráð fyrir um 171 m.kr. afgangi af rekstri sveitarfélagsins. Þessi árangur næst ekki fyrir tilviljun heldur vegna þess að starfsfólki undir forystu bæjarstjórnar hefur tekist að laga rekstur sveitarfélagsins að breyttu þjónustu og jafnframt hefur verið bætt í þjónustuna í nokkrum tilfellum.

Vegna þessa árangurs getum við farið í frekari uppbyggingu m.a. á sviði fræðslumála og íþróttamála eins og fjárhagsáætl-

HELSTU ÁHERSLUR 2022

- » Að afgangur verði af rekstri bæjarins þrátt fyrir að tekjur hafi lækkað vegna kórónuveirufaraldursins.
- » Að álagningarhlutföll fasteignagjalda á íbúðarhúsnæði og atvinnurekstur lækki.
- » Að nýjum lóðum í Helgafellshverfi og á miðbæjarsvæði verði úthlutað fyrir fjölbreyttar íbúðargerðir.
- » Að gjaldskrár breytist í samræmi við breytingar á verðlagi og hækki því ekki að raungildi. Leikskólagjöld lækki um 5%.
- » Að hafin verði bygging nýs leikskóla í Helgafellshverfi og íþróttahúss við Helgafellsskóla.
- » Að hafin verði bygging þjónustubyggingar við íþróttamiðstöðina að Varmá.
- » Að dagvistunargjöld allra barna frá 12 mánaða aldri verði þau sömu óháð vistunarformi.
- » Að skuldir sem hlutfall af tekjum muni lækka og skuldaviðmiðið verður 100,8% af tekjum í árslok.
- » Að félagslegum íbúðum fjölgi.
- » Að hafnar verði framkvæmdir við stækkun hjúkrunarheimilisins Hamra.

unin ber með sér þegar kemur að hönnun og byggingu nýs leikskóla í Helgafellshverfi, byggingu íþróttahúss við Helgafellsskóla og nýrrar þjónustubyggingar við íþróttamiðstöðina að Varmá,“ segir Haraldur.

ELDRÍ BORGARAR • ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN EIRHÖMRUM • FRAM UNÐAN Í STARFINU



Kynning á Tryggingastofnun fyrir eldri borgara

Fulltrúi frá Tryggingastofnun kemur á fund á Eirhömrum 25. nóvember kl.

13.30. Mætið á áhugaverða kynningu um málefni sem við erum alltaf að tala um.

Munum grímuskyldu!



GAMAN SAMAN

Verður næst fimmtudaginn 2. des. í borðsal Eirhamra kl. 13:30. Kaffi og meðlæti selt í matsal á 500 kr. eftir skemmtun.

Félagsvist

spiluð alla föstudaga kl 13:00 í borðsal Eirhamra. Allir velkomnir.

Jólahlaðborði sem átti að vera á Vox 3. des. er því miður aflýst vegna ástandsins í þjóðfélaginu.

JÓLABINGÓ Á BARION

Þriðjudaginn 14. desember

kl. 15:00 - Þverholti 1.

Bingónefnd FaMos ásamt Hilmari Gunnarssyni gestabingóstjóra ætla að halda skemmtilegt JÓLABINGÓ. Aðgangseyrir er 1.000 krónur og innfalið er 1 stk bingóspjald, kaffi og meðlæti. Aukaspjald á 300 kr. Glæsilegir vinningar í boði. Hlökkum til að sjá þig

Bingónefnd FaMos og félagsstarfið Mosfellsbæ



Syngjum jólalög með Jóhanni Helgasyni harmonikkuleikara

Fimmtudaginn 9. des. kl. 13:30 í borðsal Eirhamra.

Kaffi og meðlæti selt í matsal eftir skemmtunina á 500 krónur. Allir velkomnir.



BASAR/BÚÐ 2021

Minum á að basarinn okkar er byrjaður og salan fer fram á Hlaðhömrum 2. Fallegar handunnar vörur á afar góðu verði og úrvalið fjölbreytt. Hlökkum til að sjá sem flesta

í basarbúðinni. Keypt eru gjafabréf fyrir allan ágóðann sem gefin eru þeim sem á þurfa að halda í samráði við kirkjuna og félagsþjónustuna.

Opnunartími basarbúðarinnar: mán.-fim. 11:00-16:00 og fös. 13:00-16:00.

Posi verður á staðnum.

STYRKJUM GOTT MÁLEFNI.

Minum á grímuskyldu.



Skrifstofa félagsstarfsins er opin alla virka daga kl. 13–16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er *Elva Björg Pálsdóttir* tólmstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.

Skrifstofa FaMos á Eirhömrum er opin alla fimmtudaga frá kl. 15–16.



FÉLAG ALDRAÐRA

í Mosfellsbæ og nágrenni

famos@famos.is

www.famos.is

STJÓRN FAMOS

Ingólfur Hrólfsson formaður
s. 855 2085 ihhj@simnet.is

Úlfhildur Geirsdóttir varaformaður
s. 896 5700 bruarholl@simnet.is

Margrét Ólafsdóttir gjaldkeri
s. 863 3359 margretjako@gmail.com

Snjólaug Sigurðardóttir ritari
s. 897 4734 snjolaugsig@simnet.is

Kristbjörg Steingrimsdóttir meðstjórnandi
s. 898 3947 krist2910@gmail.is

Jóhanna B. Magnúsdóttir 1. varamaður
s. 899 0378 hanna@smart.is

Þorsteinn Birgisson 2. varamaður
s. 898 8578 thorsteinn.birgis@gmail.com



BAUHAUS®

Black days



VÖRUBÆKLINGUR

Black days 25%

AFSLÁTTUR
AF ÖLLU FRÁ LAUFEN
MIÐAÐ VIÐ FULLT VERÐ



LAUFEN
Fríst. baðkar
150x70 cm. Marbond efni.

273.746.-

~~364.995.-~~

Black days



LAUFEN
Val baðinnrétting
VAL baðinnrétting 95 cm, matt hvít. Handlaug úr SaphirKeramik. Hæglokandi skúffur m. höldum. Þrífavænt lakk. Verð er með handlaug og vaskaskáp. Fæst í fleiri litum. Sérpantað.

158.243.-

~~210.990.-~~



LAUFEN
Sonar/botique
baðinnrétting
120 cm, ljós eik. Tvöföld handlaug úr SaphirKeramik. Vaskaskápur með þrýstiopnun. Verð er með handlaug og vaskaskáp. Fæst einnig í dökkri eik. Sérpantað.

532.493.-

~~709.990.-~~

Black days



Kartell•LAUFEN
Handlaug og stálgrind
Svart, 60 cm. Handlaug úr SaphirKeramik. Verð með stálgrind og handlaug. Handlaug fæst einnig svart og grá. Sérpantað.

126.743.-

~~168.990.-~~



LAUFEN
Cleanet Navia skolsalerni.
LCC (Laufen Clean Coat) húðun. Ýmsir skoleiginleikar, lýsing, sjálfhreinsandi stútur, stillanlegur stútur og vatnsþrýstingur, seta með hæglokun.

371.996.-

~~495.995.-~~

Jólahlaðborð

Matseðill

kr. 9.900

Forréttir:

Laufabrauð - flatkökur

Sinnepssíld

Karrýsíld

Jólasíld

Rúgbrauð

Villibráðapaté

Pífsberjagel

Reyktur lax

Chantillysósa

Grafinn lax

Sinnepssósa

Heitreykt önd

Jólasalat

Aðalréttir:

Hangikjöt

Uppstúfur

Purusteik

Villisveppasósa

Kalkúnn

Lamb

Púrtvínssósa

Sætar kartöflur

Rauðkál

Waldorfsalat

Sykurbrúnaðar kartöflur

Rótargrænmeti

Grænar baunir

Eftirréttir:

Ris a la mande

Berjasósa

Súkkulaðimús

vanillusósa

Berja panna cotta

Ávestir ferðskír

Peyttur rjómi



Mýndir eru frá frá eldra jólahlaðborð



Nánari upplýsingar og borðapantanir á

blikbistro.is/jol



Við mælum með að gestir fari í hraðpróf og hægt að panta þau á testcovid.is
Vatnsmýrarvegur og Kringlan
Rvk + Keflavík
hradprof.is/ Kleppsmýrarvegur
Rvk + Akureyri

BLIK
BISTRO • GRILL

Wellington Steik

kr. 6.950
pr.kóli

Við bjóðum upp á dýrindis Wellington steik fyrir jólin eða áramótin. Hafið samband í síma 566 8480 fyrir frekari upplýsingar



DESEMBER

23

Skötuweisla

11:00 - 12:30

Skata



kr. 4.900

DESEMBER

23

Skötuweisla

13:00 - 15:00

B L I K
BISTRO • GRILL



Rafmögnuð ítölsk hönnun frumsýnd

ÍSBAND, umboðsaðili FIAT á Íslandi, frumsýndi á dögunum fyrsta 500e rafmagnsbílinn og jafnframt fyrsta 500 bílinn með 3+1 hurðum. 500e er ítölsk hönnun þar sem mikið er lagt upp úr sérstöðu, fallegu útliti innan sem utan og notagildi. Rafhlaðan er 42KW og er 8 ára ábyrgð á rafhlöðu og 5 ára ábyrgð á bílnum. Drægnin er 320 km samkvæmt WLTP í blönduðum akstri og allt að 460 km innanbæjar. 500e er sjálfskiptur og framdrifinn.

Engin dagskrá við tendrun á jólatrénu

Í ljósi hertra samkomutakmarkana sem gilda til og með 8. desember er ljóst að ekki verður af skipulögðum viðburði á Miðbæjartorginu í Mosfellsbæ við tendrun jólatrésins. Daginn fyrir fyrsta sunnudag í aðventu, þann 27. nóvember, verða ljósin tendruð á trénu eins og venjan er. Bæjarbúar eru hvattir til að koma og virða fyrir sér ljósadýrðina á adventunni.



BRÍET SÖNG „ÞVÍ AÐ ESJAN ER FALLEG“

Karлакór Kjalnesinga 30 ára

Glæsilegir afmælistónleikar fóru fram í Hallgrímskirkju 6. nóvember fyrir fullu húsi. Um 60 karlar úr Karлакór Kjalnesinga sungu hástöfum og glöddu um 1.000 afmælisgesti.

Þórður Sigurðsson stórnaði kórnum og á orgelið lék Jónas Þórir Þórisson en með þeim komu fram Karлакórinn Hreimur og söngkonan Bríet. Tónleikarnir voru allir hinir glæsilegustu og ómaði um sal kirkjunnar áður en nýjar og hertari samkomutakmarkanir tóku gildi.



KARLARNIR BRÝNA RAUSTINA

Myndir/Hilmir

FRAMBOÐ TIL PRÓFKJÖRS Í MOSFELLSBÆ

Auglýst eftir framboðum til prófkjörs Sjálfstæðisflokksins í Mosfellsbæ fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar



Prófkjörið fer fram laugardaginn 5. febrúar 2022

Ákveðið hefur verið að prófkjör um val frambjóðenda Sjálfstæðisflokksins í Mosfellsbæ fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar fari fram laugardaginn 5. febrúar 2022.

Hér með er auglýst eftir framboðum til prófkjörs. Frambjóðandi skal vera flokksbundinn sjálfstæðismaður og búsettur í Mosfellsbæ. Frambjóðendur skulu vera kjörgengir í næstu sveitarstjórnarkosningum. Hver frambjóðandi skal skila inn skriflegum meðmælum með framboði sínu frá 20 flokksbundnum sjálfstæðismönnum búsettum í Mosfellsbæ, hið minnsta. Tekið skal fram að enginn meðmælandi má mæla með fleiri en 7 frambjóðendum.

Kjörnefnd er heimilt að tilnefna prófkjörsframbjóðendur til viðbótar frambjóðendum, eftir að framboðsfresti lýkur.

Framboðum ber að skila til Einars Páls Kjærnested, formanns kjörnefndar, (sími: 899 5159), á netfangið einar@bakkar.is, fyrir klukkan 20:00 þriðjudaginn 21. desember 2021. Einnig verður hægt að skila inn framboðum í félagsheimili Sjálfstæðisfélags Mosfellinga að Þverholti 2, 1. hæð, þriðjudaginn 21. desember 2021, á milli kl. 19:00 og 20:00.

Fyrir hönd kjörnefndar,
Einar Páll Kjærnested, formaður





MOSFELLSBÆR



ÞÉR ER BOÐIÐ Á

ÍBÚAÞING

UM MENNTASTEFNU

MOSFELLSBÆJAR

Laugardaginn 20. nóvember kl. 10:00-12:00

Markmið íbúaðings er að skapa vettvang fyrir íbúa til að hafa áhrif á mótun menntastefnu Mosfellsbæjar sem nú er í endurskoðun og áætlað að verði gefin út í janúar 2022.

ÞEMA ÍBÚAÞINGS ER:
HVAÐ ER GÓÐUR SKÓLI?

ÞÁTTTAKA ÞÍN SKIPTIR MÁLI!

- Setningarávarp
- Verkefnavinna

Stjórnandi íbúaðings:
Ragnheiður Dögg
Agnarsdóttir

Raddir íbúa Mosfellsbæjar eru mikilvægar í mótun menntastefnu.



RAFRÆNT

www.mos.is

Þingið fer fram á vefsíðu Mosfellsbæjar

20. NÓV.



TRÍÓ

— MÁNAÐARINS —

→ EIN STÓR PIZZA ←

1.990 KR.


AÐEINS EF ÞÚ PANTAR Á NETINU EÐA MED APPINU, GREIÐIR FYRIR FRAM OG SÆKIR



PANTAÐ Á
NETINU EÐA
MED APPINU OG
GREITT FYRIR FRAM

3

ÞRÍJÁR PIZZUR AF
MATSEDLI Á SJÓÐ-
HEITU TILBOÐSVERÐI
Í HVERJUM MÁNUÐI



STÓR PIZZA-

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP

ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR

Við erum reynsluboltar í fasteignaviðskiptum
sem vinnum af heilindum fyrir þig



Bjarklind er fædd á Patreksfirði en er alin upp í Breiðholti. Hún er menntaður ferðaráðgjafi og hefur starfað á því sviði lengst af. Þá hefur hún starfað sem löggiltur fasteignasali frá 2018 og hefur unun af. Hún hefur lært magadans og rússnesku og í dag hefur leiklist og spænska fangað huga hennar. Hún elskar að ferðast, er mikill dýravinur og náttúruunnandi. Bjarklind leggur áherslu á að veita trausta, faglega og ábyrga þjónustu.

bjarklind@allt.is Sími: 560 5513

Anna Þóra Jóhannsdóttir er búsett í Mosfellsbæ ásamt dóttur og unnusta. Hún er lögfræðingur að mennt en hefur auk þess réttindi sem löggiltur fasteign- og skipasali. Þar að auki hefur Anna málflytningsréttindi fyrir héraðsdómi ásamt MLM gráðu í forystu og stjórnun. Anna Þóra gegnir stöðu verkefna- og mannauðsstjóra ásamt því að sinna verkefnum í skjalagerð.

anna@allt.is Sími: 560 5517

Aron M. Smáráson er löggiltur fasteignasali hjá ALLT fasteignasölu. Hann er frá Njarðvík en fluttist á höfuðborgarsvæðið til knattspyrnuíðkunar og vinnu. Hann hefur mikinn áhuga á öllu sem tengist fasteignaviðskiptum. Hann elskar góðan kaffibolla og hvetur hvern sem er til þess að kíkja í einn slíkann og ræða málin.

aron@allt.is

Sími: 560 5516

ALLT fasteignasala
Þverholti 2 Mosfellsbæ
Sími 560 5505
allt@allt.is
allt.is

Viskumoli dagsins

Mikil ábyrgð fylgir kaupum og sölu á fasteign og oftast eru ríkir hagsmunir í húfi. Lykilatriði í ábyrgð aðila að fasteignakaupum eru upplýsingaskylda seljanda og skoðunarskylda kaupanda sem kveðið er á um í lögum um fasteignakaup.

JÓLA MÛSIN

HVÍT SÚKKULAÐIPIPARKÖKUMÛS
MEÐ BISMARÐ- OG PIPARKÖKUKURLI

SÆTASTA KRUKKAN Á JÓLABALLINU



HAPPY
HOURS
Á BARIK
KL. 16:00-18:00 ALLI

BJÓR | LÉTTVÍN |

750

HÁDEGISTILBOÐ BÁTUR OG COKE

1.795 KR.

TIL KL. 14.00 ALLA DAGA



Hlöllabátar
síðan 1986

GJA



TAKE AWAY TILBOÐ BARION HAMBORGARAMÁLTÍÐ & JÓLAMÚS Á 4.190 KR.

BJÓRDÓS EDA GOS FYLGIR FRÍTT MED

BARION **BARION**
MOSÓ BRYGGJAN



SAMVERA ER JÓLAGJÖFIN Í ÁR

GJAFABRÉF Í MINIGARÐINN
MATUR OG MINIGOLF FYRIR
ALLA FJÖLSKYLDUNA

MINIGARDURINN.IS

FREYDIVÍN
KR.

GJAFABRÉF **Mg**



Mg
MINI GARÐURINN

BÓKMENNTAHLAÐBORÐ Í RAFHEIMUM



Ásdís Halla Bragadóttir



Fríða Ísberg



Jónína Leósdóttir



Aðalsteinn Emil Aðalsteinsson



Einar Káráson

Bókasafn Mosfellsbæjar

Bókmenntahlaðborð haldið í rafheimum

Okkur þykir leitt að tilkynna að vegna hertra samkomutakmarkana verður ekki unnt að bjóða til hefðbundins bókmenntahlaðborðs í Bókasafni Mosfellsbæjar.

Bókmenntahlaðborðið átti að halda fimmtudaginn 18. nóvember. Bókaaðdáendum gefst þó kostur á að njóta upplesturs höfundna á upptöku, sem verður auglýst innan skamms á samfélagsmiðlum og heimasíðu bókasafnsins.

Eftirtaldir höfundar lesa úr nýútökomnum bókum sínum: Aðalsteinn Emil Aðalsteinsson (*Svefn-garðurinn*), Ásdís Halla Bragadóttir (*Læknirinn í Englaverksmiðjunni*), Einar Káráson (*Þung ský*), Fríða Ísberg (*Merking*) og Jónína Leósdóttir (*Launsátur*).

Auk upplestursins mun bókmenntafræðingurinn Guðrún Baldvinsdóttir spjalla við höfundana um bækurnar og tilurð þeirra.

Listasalur Mosfellsbæjar

Kökur, málverk og gleði

Föstudaginn 19. nóvember hefst síðasta sýning ársins í Listasal Mosfellsbæjar. Sýningin heitir því skemmtilega nafni *Kökur* eru málverk, málverk eru kökur.

Verkin eru eftir unga listakonu að nafni Valgerður Ýr Walderhaug og sýningin er styrkt af lista- og menningarsjóði Mosfellsbæjar. Sýningin er innsetning með málverkum og skúlptúrum sem fjalla á einhvern hátt um kökur og eftirrétti. Búast má við kraftmikilli sýningu þar sem marglaga efnislegar tilraunir mynda veröld sem vísar bæði í raunveruleikann og heim fantasíu.

Sýningin verður opin á afgreiðslutíma bókasafnsins og síðasti sýningardagur er 17. desember. Ekki verður haldin sérstök opnun vegna hertra samkomutakmarkana.



MOSFELLSBÆR

Laus störf í Mosfellsbæ

Mosfellsbær hefur tekið í gagnið nýjan ráðningarvef.

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ og stofnunum má sjá og sækja um á nýjum ráðningarvef:

www.mos.is/storf

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is



ÉG GEF MÉR TÍMA FYRIR ÞIG!

- fagleg og persónuleg þjónusta
HRINGDU Í 897-1533

B O R G

FASTEIGNASALA

Davíð Ólafsson lög. fast.
david@fastborg.is

Ugla handverk

Ugla handverk býður upp á fjölbreytt úrval af gjafavöru. Allar okkar vörur eru framleiddar á Íslandi, ásamt umbúðum. Markmið okkar er umhverfisvæn endurnýting og er unnið úr því efni sem til er.

Verslum í heimabyggð!
Skoðuðu úrvalið á uglahandverk.com



FRYSTI HÚSIÐ

OPNAR Á
LAUGARDAGINN!

ÍS OG ALLSKONAR MEIRA!

TIL HAMINGJU MOSÓ!

FRYSTIHÚSIÐ OPNAR MEÐ LÁTUM
Í MIÐBÆJARKJARNANUM
20. NÓVEMBER KL. 13:00

FRÍKEYPIS ÍS 13:00-16:00

FYRIR KRAKKA YNGRI EN 12 ÁRA

STEMNING OG GÓÐIR GESTIR
ALLAN DAGINN!

Börn vilja reglur og mörk

Það er óhætt að segja að Gróa Karlsdóttir þekki ungiðið í Mosfellsbænum betur en margur annar enda hefur hún starfað lengi sem skólaliði eða í 25 ár.

Gróa aðstoðar nemendur í leik og starfi og leiðbeinir þeim í umgengni og samskiptum þeirra við aðra nemendur og starfsmenn skólans. Hún segir starfið fjölbreytt og gefandi og það sé mikið ríkidæmi að fá tækifæri til að starfa með unglingum, sjá þau vaxa og dafna og takast á við lífið.

Gróa fæddist að Hálsi í Kjós 22. nóvember 1959. Foreldrar hennar eru þau Hulda Sigurjónsdóttir og Karl Andrésson, þau eru bæði látin.

Systkini Gróu eru Gestur Ólafur f. 1948, Sigurjón f. 1950, Ragnar f. 1953 d. 2000, Andrés f. 1961, Sólveig f. 1965 og Ævar f. 1971.

Oft líflegt á bæjarhlaðinu

„Ár bernskunnar í Kjósinni voru góð. Á Hálsi bjuggu pabbi og bræður hans tveir með fjölskyldum sínum, krakkaskarinn var því stór og oft líflegt á bæjarhlaðinu.

Ég flutti 7 ára að Eyrarkoti þar sem foreldrar mínir tóku við þjónustu Pósts og síma. Það var ávallt mannmargt í eldhúsinu í Eyrarkoti, mikill gestagangur. Í minningunni var allan daginn verið að elda, baka og vaska upp.

Ég var ekki gömul þegar ég fór að aðstoða þar við hin ýmsu verkefni. Eitt sinn var ég ein heima á meðan mamma og pabbi skruppu í bæinn, þá var pantaður matur fyrir tvo veghefilsstjóra en mamma sá um mat fyrir Vegagerðina og fleiri fyrirtæki þegar á þurfti að halda. Ég var ekkert að malda í móinn, náði í kjötbollur í frystinn og reddaði hádegismatnum.“

Skólastýran bað með okkur bænirnar

„Í Eyrarkoti var fjaran spennandi leikvöllur og sauðburðurinn skemmtilegasti tíminn. Eitt vorið var pabbi á sjúkrahúsi, ég og Addi bróðir vorum að reyna að bjarga okkur og þurftum að sækja kind með lömbniður á tún, hún var ansi stygg þannig að við tókum með okkur hlera sem við höfðum fyrir framan okkur svo hún myndi ekki stanga okkur og heim fór hún.

Ég var í barnaskólanum Ásgarði frá 7-12 ára og var í heimavist öll árin en í skólanum voru um 40 nemendur. Það var oft erfitt fyrir lítil hjörtu en starfsfólkið hugsaði vel um okkur og ég man að skólastýran kom alltaf á kvöldin og bað með okkur bænirnar.

Eftir skólatíma tóku við leikir bernskunnar sem sjaldan sjást núna. Fallin spýta, stórfiskaleikur, yfir, París og teygjutvist. Þegar Laxáin var ísilögð skelltum við okkur á skauta. Endalaus ævintýri milli fjalls og fjöru.“

Frábær vetur að Varmalandi

„Í 7. og 8. bekk var ég í Álftamýrarskóla



Fjölskyldan haustið 2020, Magnús, Ólafía, Sigríður Ólöf, Karl Már, Gróa, Lárus, Freyja, Eiríkur, Leópol, Tómas Már, Bjartur og Ísmey.

Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURIN
ruth@mosfellingur.is



og bjó þá hjá Gesti bróður, þar aðstoðaði ég við að passa frændur mína. Síðan lá leiðin í Gaggó Mos og ég útskrifast þaðan 1976.

Þar eignaðist ég mína bestu vinkonu, Helgu Guðjónsdóttur, það líður varla sá dagur að við heyrumst ekki eða hittumst yfir góðum kaffibolla.

Eftir grunnskóla lá leiðin í Húsmæðraskólann að Varmalandi og var það frábær vetur. Þar eignaðist ég margar góðar vinkonur og höfum við verið saman í saumaklúbbi síðan.“

Skelltu sér í heimsókn til Kína

Gróa er gift Lárusi E. Eiríkssyni rafverkataka en þau fluttu í Mosfellsbæ 1982. Börn þeirra eru Ólafía f. 1979, Karl Már f. 1982, Eiríkur f. 1983 og Magnús f. 1987.

„Ömmugullin mín eru orðin fimm, Ísmey, Leópol, Bjartur, Tómas, Már og Muni. Þau eiga stóran part í mínu hjarta og ég veit ekkert betra en að hafa þau hjá okkur. Við erum svo heppin að öll börnin okkar eru búsett í Mosfellsbæ.“ segir Gróa og brosir.

Gróa nýtur þess að eiga góðar samverustundir með fjölskyldu og vinum á ferðalagi um landið eða í sum-

arbústaðnum í Kjósinni og hún segir handavinnu líka notalegt áhugamál. Eftirminnilegasta ferð þeirra hjóna á erlendri grundu er heimsókn þeirra til vínahjóna í Shanghai í Kína. Þar skoðuðu þau meðal annars hinn sögufræga borgarmúr í Peking og hinn stórkostlega Terrakottaher í Xiam.

Gróa er líka í skemmilegum hópi kvenna sem nefnist Vatnadsírnar, þær stunda vatnsleikfimi tvisvar í viku undir stjórn Sigrúnar Másdóttur. Hún segist endurnærð á sál og líkama eftir hvern tíma.

» **Ríkidæmið í þessu öllu saman er að fá tækifæri til að starfa með dýrmætu unglingunum okkar, fylgjast með þeim vaxa og dafna og takast á við lífið.**

Skólinn fékk nýtt nafn í haust

Fyrstu árin í Mosfellsbæ var Gróa heima-vinnandi húsmóðir og dagamma, hún segir að það hafi verið dásamlegt að hafa haft tækifæri til að vera heima með börnin fyrstu árin. Þá voru nokkrar nágrannakonur hennar einnig heima og úr varð náinn vínahópur sem heldur saman enn í dag.

Gróa hóf störf í eldri deild Varmárskóla árið 1994 en frá árinu 1996 hefur hún starfað samfellt sem skólaliði eða í 25 ár. „Í eldri deildinni eru 4 bekkjardeildir, 7.- 10. bekkur. Skólinn fékk nýtt nafn í haust og

HIN HLIÐIN

Hvaða bók lastu síðast? Þegar Kjósinn ómaði af söng eftir Ágústu Oddsdóttur frænku mína og Bjarka Bjarnason.

Skrítasta upplifunin? Þegar ég kom upp úr Vatnshelli á Snæfellsnesi og fann lyktna af moldinni.

Hvaða litur lýsir þér best? Appelsínugulur.

Draumaborgin? Berlín.

Hvað heillar þig í fari fólks? Heiðarleiki.

Uppáhaldsverslun? Hannyrðaverslanir.

Ef þú mættir taka með þér leyngigest í matarboð, hver yrði fyrir valinu?

Karen vinnufélagi minn, sem er svo mikill gleðigjafi.

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera? Njóta samverustunda með fjölskyldunni.



Á KÍNAMÚRNUM



TVEGGJA ÁRA



HANDVERK GRÓU

heitir nú Kvíslarskóli en yngri deildin hélt Varmárskólanafninu. Ég hef unnið þarna í gegnum tíðina með frábæru samstarfsfólki sem heldur hópinn í leik og starfi.“

Hafragrauturinn er vinsæll

Ég spyr Gróa í hverju starf hennar felist. „Starf mitt er mjög fjölbreytt, ég mæti fyrst á morgnana og helli upp á kaffi fyrir samstarfsfólkið. Síðan tek ég á móti börnunum ásamt stuðningsfulltrúum sem sjá um gæsluna með mér. Við aðstoðum einnig í matsalnum og hafragrauturinn er afar vinsæll get ég sagt þér. Það er frábært að allir hafi aðgang að góðum mat því þá líður öllum betur.

Ég sé líka um gæslu og eftirlit á göngum skólans og hef auga með nemendum sem lenda í eyðu. Ég veiti fyrstu hjálp ef slys eða óhöpp ber að höndum, sé um allan þvott og er kennurum innan handar og svo er margt fleira sem fellur til, hér er alltaf nóg að gera.“ segir Gróa og brosir.

Það þarf oft að líma plástra á sálir

„Ríkidæmið í þessu öllu saman er að fá tækifæri til að starfa með dýrmætu unglingunum okkar, fylgjast með þeim vaxa og dafna og takast á við lífið.

Börn vilja reglur og mörk en fyrst og fremst ást og umhyggju. Það þarf oft að líma plástra á sálir og sár og sárast af öllu er þegar einhver villist af leið og fetar ranga braut. Það þarf nefnilega heilt þorp til að ala upp börn, það er nú bara þannig“ segir Gróa að lokum er við kveðjumst.

Múrefni ehf. og Vínyparket.is
hafa sameinast undir nafninu



Fagefni

„Við tökum vel á móti þér og finnum réttu
efnin í verkið eða glæsileg gólfefni“



Stórlækkað verð á
völdum vörum meðan
að birgðir endast!



Fagefni

Fagefni.is



Á FLOTTU STYRKTARKVÖLDI MEISTARAFLOKKS KVENNA

Mýnd/RaggiÓla

Kaleo framan á keppnisbúningum meistaraflokks kvenna í efstu deild • Vel heppnað styrktarkvöld haldið í Félagsgarði

KALEO STYÐUR VIÐ STELPURNAR

Mosfellska hljómsveitin KALEO hefur komist að samkomulagi við Aftureldingu um að styðja myndarlega við meistaraflokk kvenna í knattspyrnu. Áður hefur hljómsveitin stutt við strákana með sögulegum samningi og nú bætist í hópin. Gengið var frá samningi á fjölmennu styrktarkvöldi á dögunum sem fram fór í Félagsgarði í Kjós. Meðlimir KALEO

voru þar heiðursgestir en hljómsveitin undirbýr nú tónleikaferðina Fight or Flight sem hefst strax í byrjun janúar á næsta ári.

KALEO-treyjur Aftureldingar hafa vakið verðskuldaða athygli að undanförunu og eru nú fánlegar á www.afturelding.is.



Bára bætir í Íslandsmeistarafnið

Mosfellingurinn Bárá Einarsdóttir sem keppir fyrir Skotíþróttafélag Ísafjarðar bætti Íslandsmet sitt í 50 metra liggjandi riffli og varð jafnframt Íslandsmeistari 2021 í þeirri grein laugardaginn 30. október. Þá varð hún einnig Íslandsmeistari í þrístöduriffli sömu keppnishelgina.



Skólamót í blaki fyrir 4.-6. bekk • Áhugasamir krakkar í aðdraganda hrekkjavökunnar Vel heppnað Skólablak í Fellinu

Skólablakið er röð lítilla viðburða sem haldnir voru um allt land í október. Viðburðurinn gekk svo vel að búið er að plana að endurtaka leikinn næstu fjögur árin og þá með fleiri þátttakendum.

Markmið Skólablaksins er að auka þátt-

töku grunnskólabarna í blaki á landsvísu með því að hafa leikreglurnar einfaldar og þægilegar þannig að öll getustig ráði við leikinn. Auk þess er að sjálfsögðu markmið að búa til skemmtilegan viðburð fyrir krakkana og að þau fái ánægjulega upplifun

af hreyfingu og keppni.

Blaksambandið í samstarfi við Evrópska blaksambandið, ÍSÍ, UMFÍ, BeActive og blakfélögin í hverju bæjarfélagi standa fyrir Skólablakinu. Ölgerðin og Kristall eru bakhjarlar verkefnisins.



KYNNING Á BLAKÍÞRÓTTINI


**AFTURELDINGAR
VÖRURNAR
FÁST HJÁ OKKUR**



JAKO
SPORT ÍSLANDI

NAMO EHF. - SMÍÐJUVEGI 74 (GUL GATA) - 200 KÓPAVOGI

Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is



GEFÐU RÚLLANDI JÓLAGJÖF



ÞÚ SETUR SAMAN ÞINN EIGIN PAKKA

50 MÍN. KEILA = 6.990 kr.

50 MÍN. KEILA + 2xPIZZA + 2xSHAKE = 12.990

50 MÍN. KEILA + 4xPIZZA + 4xSHAKE = 18.990

Pantaðu þinn jólapakka á keiluhollin@keiluhollin.is



Bættu við aðeins 1.190 kr. og fáðu happakeilu og veglegan sælgætiskassa frá Freyju.

Nemendur í listgreinaáfangna FMOS glæða veggina lífi

Veggjalist með málningu frá íbúum

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ bauð upp á nýjan listgreinaáfangna núna í haust sem heitir Veggjalist og er kenndur á öðru prepi.

Markmiðið með þessum nýja áfangna var að fá nemendur til að fegra og skreyta hvíta vegg innan listgreinarmis á fyrstu hæð. Þessir veggir voru orðnir frekar lúnir eftir umgang um listgreinarmis með tilheyrandi málningarslettum og kroti. Núna eru 13 nemendur skráðir í áfangann og hafa þeir unnið að því að gera rýmið fallegt og hlýlegt með frjálsu myndefni að eigin vali.

Í upphafi áfangans biðlaði kennari þeirra, Sigrún Theodóra, til bæjarbúa um afgangsmálningu í gegnum umræðuvef Mosfellsbæjar. Undirtektir bæjarbúa fóru fram úr öllum vonum og afgangsmálning af öllum gerðum og stærðum streymdi inn í skólann. Nemendur hafa síðan notað þessa málningu með því að blanda út í hana þeim litum sem óskað var eftir og gert hana þannig að þeirra eigin til að mála með á veggina.



Spennandi útkoma á næstu vikum

Með þessu framtaki fengu nemendur tækifæri til að stuðla að umhverfisvernd og koma í veg fyrir sóun á gamalli málningu sem hægt var að nota til að skapa eitthvað nýtt og fallegt. Þeir eru líka meðvitaðir um að hægt er að endurnýta hluti í stað þess að kaupa nýtt og nota það sem er til í umhverfi þeirra. Það þarf bara stundum að endurstilla hugann og hugsa út fyrir kassann.

Núna eru tvær vikur eftir af hefðbundinni kennslu í FMOS en svo koma verkefnadagar í byrjun desember þar sem stundaskrá

nemenda verður breytt og þeir taka þátt í lokaverkefnum í stað lokaprófa. Nemendur í Veggjalistinni hafa því tæpar þrjár vikur til að klára listaverkin sín á veggjum skólans og allt stefnir í ótrúlega fallega og spennandi útkomu. Eins og sést á myndum þá eru þessir nemendur algjörir snillingar á sínu sviði.

Nemendur og kennari í Veggjalist þakka kærlega fyrir alla hjálp bæjarbúa og bjóða þá velkomna í heimsókn ef þeir hafa áhuga á að skoða hvert gamla málningin þeirra fór og líta dýrðina eigin augum.



Soroptimistaklúbbur Mosfellssveitar hefur í nógu að snúast

Styrkja í heimabyggð

Soroptimistar eru alþjóðleg samtök kvenna sem hafa það að markmiði að stuðla að jákvæðri heimsmynd, þar sem samtakamáttur kvenna nær fram því besta sem völ er á.

Samtökin vinna að bættri stöðu kvenna, mannréttindum öllum til handa sem og jafnrétti, framförum og friði með alþjóðlega vináttu og skilning að leiðarljósi. Soroptimistaklúbbur Mosfellssveitar hefur starfað frá árinu 1977 og m.a. beitt sér fyrir því að veita þjónustu í heimabyggð sem er í samræmi við áherslur Alþjóðasambands Soroptimista.

Klúbburinn hefur til fjölda ára styrkt nokkur verkefni í heimabyggð sem snúa að konum og börnum þeirra. Til að mynda gefið Mosfellssókn gjafakort með aðstoð Krónunnar til úthlutunar fyrir fjölskyldur sem þurfa að halda. Styrkt kvennadeildina í Hlaðgerðarkoti við endurnýjun á vistarverum kvenna svo eitthvað sé nefnt.


Til að standa undir kostnaði við styrki hefur Soroptimistaklúbburinn látið prenta tækifæriskort með ljósmyndum sem teknar eru af konum í klúbbnum. Stærð kortanna er 12x12 cm og pakki með 10 stk. kostar 3.800 kr. Allur ágóði af sölu kortanna rennur til góðgerðamála.

Dagana 25. nóvember til 10. desember munu Alþjóðasamtök Soroptimista, ásamt fjölda annarra félagasamtaka, standa fyrir sextán daga átaki á heimsvísu, „Orange the world“ sem nefnt hefur verið „Roðagyllum heiminn“ á íslensku. Markmiðið er að vekja athygli á kynbundnu ofbeldi. Í ár beinist átakið að stafrænu kynferðislegu ofbeldi eða ofbeldi á netinu.

Soroptimistaklúbbur Mosfellssveitar tekur þátt í verkefninu og hefur meðal annars fengið leyfi til að lýsa upp kirkjur bæjarins.

Í tilefni átaksins er klúbburinn með til sölu falleg handsteypt kerti frá Ás vinnustofu með myndskreyttum borða úr endurunnum pappír. Engin tvö kerti eru eins, sum styttri og breiðari, önnur lengri og mjórri. Verð fyrir kertið er 1.800 kr. og rennur allur ágóði af sölu kertana til Kvinnaráðgjafarinnar.

Hægt er að hafa samband við Rögnu í síma 6597871 eða á netfangið ragnakr@live.com eða Helgu í síma 8649590 eða á netfangið helgadesign@gmail.com varðandi tækifæriskortin og kertin. Einnig er hægt að hafa samband við Guðlaugu á netfangið gullar@simnet.is varðandi upplýsingar um starf klúbbsins.



Innritun stendur yfir til og með 30. nóvember



Borgarholtsskóli



Afreksípróttasvið



Framhaldsskólabraut



Bíliðngreinar



Málmiðngreinar



Bóknám



Listnám



Félagsvirkni- og uppeldissvið



Sérnámsbraut

Fylgstu með okkur



borgo_skoli



Borgarholtsskoli

borgo.is



DESEMBER

Mán	Þrið	Mið	Fimmt	Fös	Laug
VARMÁBÓL	LÁGÓBÓL HELGÓBÓL	VARMÁBÓL	LÁGÓBÓL HELGÓBÓL	LÁGÓBÓL VARMÁBÓL	
		1. Opíð hús	2. Spilakvöld	3. TaStE tEsT	4.
6. Kakó & jólamynd 	7. Opíð hús	8. Spilakvöld	9. Kakó & jólamynd 	10. BÓLNÓTT	11.
13. Opíð hús	14. PIPARKÖKU SKREYTINGAR 	15. Opíð hús	16. Opíð hús	17. <i>Litlu jólin</i> 	18.
20. <i>JólaBingó</i> 	21.	GLEÐILEG JÓL & FARSÆLT NYTT ÁR			
		29. NÝÁRSMYND & MÖNS 	30.		



SÚREFNI

Ég var úti í morgun með æfinga-hópnum. Við tókum daginn snemma tvisvar í viku og æfum úti, sama hvernig viðrar. Mér líður vel þegar ég æfi, bæði sjálfur og með öðrum og hvort sem ég er inni eða úti. Þessi tilfinning að hreyfa sig, liðka og styrkja er svo öflug, bæði fyrir líkama og sál.

En það er best að vera úti. Það gefur mér mesta orku. Og orkuskammturinn stækkar í góðum félagsskap. Margfaldast.

Núna þegar kóvídið heldur áfram að djöflast í okkur og okkur er reglulega kipt niður á jörðina og send í smitgát, sóttkví eða einangrun er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur að finna leiðir til þess ná okkur í endurnýjanlega orku. Endurnýjanlega orku fyrir okkur sjálf, það er ekki nóg að hugsa bara um bílinn.

Ég ætla ekki að skrifa hér að það sé ekki í boði núna að vera fúll og hengja haus. Það er auðvelt að segja það þegar maður þarf ekki að hafa áhyggjur af afkomu sinni heldur getur einbeitt sér að því að hafa vit fyrir öðrum. Ég ætla frekar að segja að ég sjálfur eins og aðrir sem hafa þurft endurskipuleggja (vinnu)lífið og tilveruna vegna kóvíd og alls þess sem því fylgir, verðum að gera allt sem í okkar eigin valdi stendur til þess að passa upp á eigin heilsu-hreyfingu og vellíðan. Það tekur enginn frá mér æfingarnar mínar, útveruna mína, súrefnið mitt, orkuskammtinn minn. Enginn.

Það er misjafnt hvað gefur okkur orku. Hver og einn veit best hvað gefur mest. En við eigum það öll sameiginlegt mannfólkið að við þurfum hreyfingu og ferst loft til þess að líða vel. Á hverjum degi. Prófaðu að fara – án símans – aðeins út á morgnana, í hádeginu og seinni partinn. Hreyfðu þig, kíktu í kringum þig, njóttu þess að vera frjáls og fá stóran orkuskammt.



Guðjón Svansson
gudjon@kettlebells.is

Aukin þjónusta við barnafjölskyldur

Mikið áunnist í fræðslumálum

Fræðslumál eru stærsti málaflökur sveitarfélagsins okkar en árlega fara um 60% af rekstrarkostnaði Mosfellsbæjar í málaflökinn.

Á þessu kjörtímabili sem nú er að líða hefur mikil áhersla verið lögð á skólamálin og þrátt fyrir að kórónuveiran hafi lagst þungt á sveitarfélögin hefur þjónustan verið aukin í Mosfellsbæ. Ástæðan er að hér hefur verið haldið vel utan um fjármál og rekstur bæjarins.

Áherslan á fræðslumálin

Þessu kjörtímabili fer senn að ljúka og er vert að skoða hvað hefur áunnist í fræðslumálum á tímabilinu. Í málefnaáætlun Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna var lögð mikil áhersla á að standa við bakkið á okkar skólum og fagfólki, en þar stendur:

Menntakerfið er ein af grunnstoðum samfélagsins og D- og V-listi leggja megináherslu á öflugt og metnaðarfullt skólustarf. Miklar breytingar hafa átt sér stað í leik- og grunnskólum á síðustu áratugum, í kjölfar aukinna væntinga samfélagsins til skólakerfisins. Um leið eru stöðugar breytingar á þörfum nemenda. Heilbriggt skólaumhverfi stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan nemenda og starfsfólks.

Eftirfarandi voru áherslur D- og V-lista

sem koma fram í málefnaáætlun flokkanna:

Sama gjald frá 12 mánaða aldri – Foreldrar barna sem njóta þjónustu hjá Mosfellsbæ greiða sama gjald frá 12 mánaða aldri sama hvort barnið er hjá dagforeldri eða á leikskóla.

12 mánaða börn fá pláss á leikskólum – Nýr árgangur er kominn á leikskólana og eru 125 pláss á ungbarna-deildum. Leikskólinn Hlíð er nú ungbarna-leikskóli. Leikskólaplássum var fjölgað og eru nú 933 pláss í boði.

Lækka leikskólagjöld um 25% – Leikskólagjöld hafa lækkað um 5% á ári síðan 2018.

Bæta skólalæðslu – Ráðgjöf skólalæðslu er aukin og hefur verið eflað með fleiri stöðugildum sálfræðinga og auknu stöðugildi talmeinafræðings. Meiri samvinna við fjölskyldusvið og barnavernd.

Átak í upplýsingatækni – Spjaldtölvur og krómbækur eru nú í hverjum grunnskóla. Sérstakur ráðgjafi fenginn til að innleiða rafræna kennsluhætti. Leiðtogaeymi nú í hverjum skóla.

Endurbætur skólahúsnæðis – Öll skólamannvirki skimuð og miklar endurbætur gerðar, sérstaklega í Varmárrskóla.

Endurskoðun menntastefnu – Unnið er að endurskoðun menntastefnu og verður

rafrænt íbúáþing nú á laugardaginn. Innleiðing á stefnunni hefst byrjun árs 2022.

Helgafellsskóli heildstæður 200 daga skóli – Í upphafi skólaárs var fullbúinn skóli tekinn í notkun og 200 daga skóli hefur verið innleiddur á yngsta stigi.

Fjölga stöðugildum í Listaskólanum – Stöðugildum í Listaskólanum hefur verið fjölgað á undanörnum árum.

Eins og sést á upptalningunni hér á undan hefur gengið vel að framkvæma þau stefnumál sem kynnt voru af meirihlutunum í upphafi kjörtímabilsins og eru þau öll orðin eða alveg að verða að veruleika.

Áframhaldandi uppbygging

Áfram verður haldið með uppbyggingu í Mosfellsbæ og hefur m.a. verið tekin ákvörðun um byggingu leikskóla í Helgafellshverfi sem hefst á næsta ári. Í drögum að fjárhagsáætlun til ársins 2025, sem nú er til umræðu í bæjarstjórn og nefndum, er gert ráð fyrir byggingu íþróttahúss við Helgafellsskóla og nýrri þjónustubyggingu við Íþróttahúsið að Varmá. Í þjónustubyggingunni er m.a. gert ráð fyrir nýju anddyri, búninga- og aðstöðu fyrir Aftureldingu. Höldum áfram að gera góðan bæ betri.

Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, bæjarfulltrúi og formaður fræðslunefndar.

Skólalæðing Mosfellsbæjar

Mosfellsbær bauð til skólalæðinga á dögnum til að endurskoða skólalæðing Mosfellsbæjar. Væntanlega til að bæta brag og gefa þeim sem veita og nýta þjónustuna tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Frábært framtak.

Ég ákvað að skella mér, svona bara til þess að breyta heiminum. Þetta var vel skipulagt, búið að ráða foreldrum í hópa eftir aldri barns. Ég lenti í frábærum hóp foreldra. Mér kom skemmtilega á óvart erindi Ingvar Hrannars Ómarssonar kennara og frumkvöðuls. Hann talaði um að það væri ekki lengd skjátíma heldur hvað væri verið að vinna í á skjánum sem skipti öllu. Spurningarnar voru helst til of margar og því var oft erfitt að klára að svara þeim á stuttan og einfaldan hátt. Bestar fundust mér spurningarnar um hvernig myndi ég breyta og bæta ef ég réði öllu. Og hin spurningin sem mér fannst betri og betri eftir því sem leið á frá þinginu, eru framúrskarandi skólar í Mosfellsbæ?

Það var augljóst að foreldrunum var mjög umhugað um velferð barnanna sinna. Það kom fram að þeir vildu starfsfólk sem væri hlýtt í viðmóti og myndaði tengsl við börnin. Að börnunum liði vel í skólanum, að þau lærðu góða siði, væru kurteis og til fyrirmyndar. Þá var mér hugsað til allra barnanna sem líður illa í skólanum og eru ókurteis.

Það er verið að gera mjög margt gott í

skólalæðingunni í Mosfellsbæ en engu foreldri á svæðinu fannst einhver skóli í Mosfellsbæ framúrskarandi, það virtist koma nærstöddum á óvart. En eftir sem ég hugsa þessa spurninguna betur þá hef ég vissulega upplifað framúrskarandi fólk í skólanum. Framúrskarandi er eitthvað sem er eftirtektarvert og vel gert.

Mér finnst ekkert merkilegt að kennari kenni nemanda sem er sterkur fyrir og sá nemandi sé hæstur í öllu og finnst gaman að læra. Það sem mér finnst framúrskarandi eru kennarar eins og íþróttakennararnir í Varmárrskóla sem fá nemendur sem finnst erfitt að fara í sund og íþróttir til að fá áhuga og gleði á því að fara í sund og íþróttir. Það er töluvert auðveldara að læra það sem liggur vel fyrir manni heldur en það sem er erfitt. Að geta mætt nemandanum þar sem hann er staddur, með mildi og gleði. Að vekja áhuga á því sem verið er að læra. Það er gífurlegur kraftur í því að upplifa að vera mætt þar sem maður er staddur, að sett séu raunhæf markmið, vakinn sé áhugi. Að upplifa að það sé traust, að kennarinn hafi trú á viðkomandi. Það er framúrskarandi kennsla.

Mér fannst mikið til nýja skólalæðingarsins í Varmárrskóla koma þegar hún sagði að mestu skipti að börnum liði vel og að þau lærðu að taka þátt í samfélagi. Það væri hægt að googla Pýþagórasregluna. Tækni-

framfarir eru gríðarlega hraðar og hlutirnir eru að breytast hratt.

Ég tel að við þurfum að endurhugsa hvernig við kennum börnunum okkar og hvað við þurfum að kenna þeim. Ég tel að svarið sé ekki að bæta stanslaust á nemendum, kennara og foreldra. Við þurfum að breyta um viðhorf og aðferðir.

Ef ég réði öllu í skólalæðingunni Mosfellsbæjar þá myndi ég byrja á því að senda starfsfólk á námskeið í virkri hlustun. Það kostar ekki mikið og skilar miklum árangri. Það veldur svo mikilli streitu að upplifa að það sé ekki hlustað, að vera ekki mætt þar sem maður er staddur. Þetta er ekki flókið en mjög skilvirkt. Byrja skólann kl. 9, minnka streitu hjá nemendum, kennurum og foreldrum. Sleppa heimanámi. Gera skapandi lærdómi hærra undir höfði. Finna leiðir til að fá sem mest fyrir minnst erfiði. Finnar eru að fá góðar niðurstöður úr Pisa könnunum. Kenna gagnrýna hugsun, sköpunarkraft, samkennd og sjálfsvirðingu. Hætta að reyna að troða öllum í litla þrönga boxið. Virkja kraftinn, ekki bæla niður.

Sumir kennarar eru framúrskarandi og eru alveg með þetta en skólakerfið er ekki með þetta almennt. Ég vona heitt og innilega að menntastefna Mosfellsbæjar sem verður kynnt verði framúrskarandi.

Hulda M. Eggertsdóttir
Foreldri skólabarna í Mosfellsbæ

FÓTA AÐGERÐASTOFA MOSFELLSBÆJAR

Þverholti 3 - Sími: 566-6612



Fasteignasala
Mosfellsbæjar

www.fastmos.is

 **Birna Kristin Jónsdóttir**
Lúsapóstur frá skólanum og maður tekur honum bara fagnandi :))
Segir það ekki eitthvað
10. nóv

 **Pétur Guðmundsson**
Fékk nýjan augastein í v/auga. Váá hvað allt er bjart. Jahá nú sé ég, >Ææ já> þarf að þurrka ryk og ryksuga. Næst h/ auga. Frábær hjálp augnlækna.
4. nóv

 **Gunnar Helgi Guðjónsson**
Er einhver með skothelda aðferð til að þekkja nöfnin á hvolpunum í Hvolpasveitinni? Ég bara virðist alls ekki geta munað það. Eða er það kannski óþarfi?
15. nóv

 **Sigridur Sigurdardóttir**
Fyrsta uppfletting á skidasvaedi. is á þessum vetri. Blásir við þessi fagra sjón. Snjórinn :) Farin að hlakka til að komast á skíði.
7. nóv

 **Varmárskóli í ljósi umræðu um Varmárskóla í fjölmíðlum** tel ég mikilvægt að koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri. Markmið Varmárskóla er nú sem fyrr að mæta þörfum allra barna og gæta um leið að velferð nemenda og starfsfólks. [...] Inngrip þar sem börnun býðst að fara í hvíldarherbergi er sú leið sem þróuð hefur verið á síðustu árum hérlendis til þess að mæta þörfum barna með fjölpættan vanda, en oft er skólaumhverfið þeim erfitt. Þau atvik sem koma upp eru skráð í sérstakri atvika-skráningu. Sem betur fer er þetta sjaldgæft og ávallt er leitað eftir samstarfi við foreldra í slíkum aðstæðum. Við ykkur í skólasamfélagi Varmárskóla vil ég segja að við tökum þessa umræðu bæði alvarlega og nærri okkur. Að lokum vil ég fullvissa foreldra um að starfsfólk Varmárskóla þekkir sína ábyrgð og vinnur af heilindum að velferð nemenda á hverjum degi. Jóna Benediktsdóttir, skólustjóri Varmárskóla
6. nóv

BílaGlerið

Framrúður & ísetningar
Sími 587-6510

Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla
Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is



Öll almenn smíði

Fagleg og vönduð vinnubrögð.
Erum byrjaðir að bóka sólpalla fyrir sumarið.
Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu!
779-9760 Sumarliði / Gísli 779-9761

~ Fagmenn í yfir 40 ár ~



Flugumýri 2 - Sími 566-6216

MG LÖGMENN

Erfðaskrár - Kaupmálar - Skipti dánarbúa
Skilnaðarsamningar - Slysamál
Gallar í fasteignum
Persónuleg þjónusta

Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is

Öll almenn vörubíla- og kranapjónusta

- Grabbi, grjótkló og fl.
- Útvega öll jarðefni.
- Traktor og sturtuvagn í ýmis verkefni eða leigu.
- Sláttupjónusta og fl.



BJ VERK ehf.
Björn s: 892-3042

Þú finnur öll blöðin á netinu
WWW.MOSFELLINGUR.IS



GARDMENN

...gerum garðinn frægan!

Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.

Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.

Sími 893 5788



REYNSLA - ÁRÆÐNI - VANDVIRKNI -
KRAFTUR - ÞOR - ENDING.

örugg og vönduð vinnubrögð



SteinTeppi.is

Gólfefna lausnir fyrir heimili og fyrirtæki

Vogatunga 51, 270 Mosfellsbæ, sími: 864 6600



BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR
AÐDUNS

Frí Tjónaskoðun

★ GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI ★

Auðbrekku 27. Kópavogi
www.bilasprautun.is 554 2510

FAGVERK



S: 660 0770 - www.aftak.is

GÓÐIR MENN EHF

Rafverktakar
GSM: 820-5900

- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á rafögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir

Löggiltur rafverktaki



VGH Mosfellsbæ

VERKTAKI SÍÐAN 1968

ÞAÐ SEM TIL ÞARF

896-9443 896-2279

HEYST HEFUR...

...að búið sé að loka ísbúðinni Erlu-ís í Krónuhúsinu og um helgina opni þar Frystihúsið með ís og fleira.

...að áritaður Kaleo-gítar hafi selst á yfir milljón á uppboði fyrir meistara-flokk kvenna í fótbolta.

...að menningarmálanefnd sé búin að ákveða að þrettándagleði Mosfellinga fara fram á sjálfum þrettándanum.

...að Erla Eiríksdóttir sé nýr formaður knattspyrnudeildar Aftureldingar.

...að formaður Fálkanna sé að íhuga framboð.

...að Vallý og Jóhann Ingi eigi von á litlum dreng á nýju ári.

...að ljósín á Miðbæjartorginu verði ekki tendruð við formlega athöfn vegna samkomutakmarkana.

...að Ásgeir Sveins sé búinn að tilkynna að hann ætli að gefa kost á sér í 1. sæti hjá Sjálfstæðisflokknum.

...að Halldór Snær og Alicia Flanigan séu gengin í það heilaga.

...að Keem Pro, einn mosfellsku flóttamannanna frá Úganda, sé í sambúð með íslenska áhrifavaldinum Patreki Jaime.

...að vinsæli jólamarkaður Ásgarðs falli niður í ár.

...að vallarklukkan í íþróttahúsinu sé komin á undanþágu.

...að bókmennthlaðborðið sem átti að halda í Bókasafninu í kvöld fari fram rafrænt.

...að búið sé að kveikja ljós í jólagarði fyrir neðan Hlégarð við mikla kátínu.

...að handverksmarkaðurinn í Kjarna falli niður eins og flest annað næstu vikurnar.

...að Mr. Kebab sé byrjaður með heimsendingar í Mosó.

...að jólabækurnar rjúki nú út í Bókasafninu.

...að Stúart litli verði áfram sýndur í Bæjarleikhúsinu en nú þurfa gestir að framvísa hraðprófi.

...að Daddi hennar Andreu verði fimmtugur á laugardaginn.

...að íbúi í Leirvogstunginni hafi krotað með stórum stöfum á skjólvegg nágrenns „Burt með vegginn“.

...að íbúabing um menntamál, sem búið er að fresta tvisvar, verði nú haldið rafrænt á laugardaginn.

...að línumaðurinn öflugur Einar Ingi Hrafnsson sé frá keppni í einhvern tíma eftir meiðsli í síðasta leik.

...að lærdómsaðstaðan í Bókasafninu sé að koma unga fólkinu skemmtilega á óvart í aðdraganda prófa.

...að gestir hafi verið skikkaðir í hraðpróf fyrir styrktarkvöld Aftureldingar og nokkrir þurft frá að hverfa.

...að safnaðarbréfi Lágafellssóknar sé dreift með Mosfellingi í dag.

...að Mosfellingur komi út 9. og 23. des.

mosfellingur@mosfellingur.is

Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is

Unnar Máni fæddist þann 24. júlí og var 17 merkur. Foreldrar Unnars Mána eru María Þórólfsdóttir og Arnór Sigurðarson. Systkini hans eru Kristinn Örn og Þórhalla Lóa.



DANSAÐ GEGN EINELTI

Mánudaginn 8. nóvember var dansað gegn einelti í Kvíslarskóla. Mikil þátttaka var í dansinum sem fram fór í frímínútum og skemmtu nemendur og starfsfólk sér vel.



MALBIKSTÖÐIN

Í eldhúsinu

HJÁ LÁRU OG GÚSTA

Grafnar gæsabringur

Hjónin Kirstín Lára Halldórsdóttir og Ágúst Jóhannsson deila hér uppskrift að grönnum gæsabringum sem hentar sérstaklega vel í forrétt og er þessi uppskrift fyrir 8 manns.

Grafnar gæsabringur

- 2 bringur af villigæs
- 3 dl gróft salt
- 3 dl púðursykur

Saltinu og púðursykrinum blandað saman í fat og bringurnar þaktar með því. Láta standa í kæli í 45 mínútur.

Kryddblanda:

- 1 msk sinnepsfræ
- 1 msk rósamrin
- 1 msk timjan
- 1 msk estragon
- 1 msk dillfræ
- 1 msk rósapipar
- 1 msk basilíka



Blanda öllu kryddi saman í eina skál og dreifa jafnt yfir bringurnar báðum megin. Pakka þeim í plast og láta hvíla í kæli í 2-3 daga. Þá eru bringurnar frystar þar til á að njóta. Best að skera þær hálfrosnar í þunnar sneiðar áður en þær eru framreiddar.

Njótið!

Lára og Gústi skora á Heiðu og Braga að deila næstu uppskrift

KANNSKI?

Ég var að ræða um daginn við ungan pilt og hann var að segja mér frá manni sem hann hitti. Maðurinn sagðist þekkja mig og bað að heilsa mér. Ég vildi nú vita hver þessi ágæti maður væri og ég spurði hvort hann kannaðist við hann. „Nei, en hann þekkir þig,“ sagði sá stutti. „Hvernig leit hann út?“ spurði ég. Ég fékk ekki betri lýsingu á manningum en svo að lýsingin gæti átt við um 20% af íslenskum karlmönnum. „Hvað heldur þú að hann sé gamall?“ spurði ég. „Hann er örugglega svona jafn GAMALL og þú,“ sagði sá stutti. „Hann er miðaldra ... frekar gamall.“

Úff ... þetta er ekki gott ... er ég orðinn miðaldra! Er það málið, ég sem er rétt skriðinn yfir fertugsaldurinn þó svo að andlegur þroski sé ennþá vel innan við tvítugt, er bara orðinn miðaldra. Nei, hættu nú allveg, þó svo að hárið hafi fokið fyrir um það bil 15 árum og fyrsta gráa hárið (í skegginu sko, enda fór hárið á hausnum í helgarfrí og hefur ekki látið sjá sig aftur) hafi mætt á svæðið fyrir þónokkru síðan þá er ég nú varla miðaldra.

Eða hvað? Þegar ég var sirka 10 ára gamall, í kringum 1990, þá voru menn á mínum aldri hundgamlir að mér fannst og komnir hálfra leið í gröfina. Þannig að mér ætti nú ekki að finnast þetta vera skrítið.

Þessi aldur hefur sína kosti og galla. Miðaldra menn eins og ég fá nú kannski ekki að fara fram fyrir í röðinni á B5 en það er löngu hætt að spyrja mig um skilríki í vinnubúðinni. En var þetta ekki bara miklu skárra í den heldur en í dag? Það var ekkert að því að labba um með vasadísko og hlusta á tónlist þannig, maður hafði örfáar stöðvar til að horfa á á laugardagskvöldum og var ekki drepast úr valkvíða yfir 5.000 myndum á Netflix. Nú eða það þótti bara helvítí fint að röltu upp í Snæland og velja sér spólu, eina nýja og eina gamla. Maður gat meira að segja farið í Kyndil fyrir áramót og keypt sér almennilegar tívolíbombur. Það var miklu betra að hlusta á Nirvana og WuTang heldur en Drake og Justin Bieber. Það var meira að segja hægt að segja upphátt brandara á „gráu svæði“ án þess að kallað væri á sérsveitina og þú nánast hrakinn úr landi eins og virðist stefna í þessa dagana.

Kannski er nú bara skítsæmilegt að vera orðinn miðaldra ... Kannski?



HÖGNI SNÆR

MOSFELLSBAKARI.IS
HÁHOLT 13-15
HÁALEITISBRAUT 58-60



SMÁ AUGLÝSINGAR

Stríðsmunir

Óska eftir munum frá stríðsárunum tengdum Mosfellssveit www.fbi.is sími 822-5344. Tryggvi.



Nudd

Bjóðum upp á svæðanudd - fótanudd á sanngjörnu verði. Léttir fyrir allan líkamann og til að slaka á, veljið ilmkjarnaolíu fyrir proseager. Pantíð tíma í síma: 822-7750 (Lenka)

Smáauglýsingarnar eru fríar fyrir einstaklinga

mosfellingur@mosfellingur.is

PÚ GETUR AUGLÝST FRÍTT

(...allt að 50 orð)

Sendu okkur þína smáauglýsingu í gegnum tölvupóst:

mosfellingur@mosfellingur.is

Íbúð óskast til leigu

Hótel Laxnes óskar eftir 2-3 herbergja íbúð í Mosfellsbæ. Uppl. Albert s. 8666684.

WWW.MOSFELLINGUR.IS
WWW.MOSFELLINGUR.IS
WWW.MOSFELLINGUR.IS
WWW.MOSFELLINGUR.IS
WWW.MOSFELLINGUR.IS



**NÆSTI
MOSFELLINGUR
KEMUR ÚT
9. DES.**

Bláðinu er dreift frítt í öll hús í Mosfellsbæ.

Skilafrestur efnis/auðlýsinga er til hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.

mosfellingur@mosfellingur.is

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

FJLS

HJÁLMAR GUÐMUNDSSON
LÖGGILDUR HÚSASMÍÐAMEISTARI
S: 6959922
FHSVERK@GMAIL.COM

Bílapartar ehf

Notaðir **TOYOTA** varahlutir

Sími: 587 7659

Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ
www.bilapartar.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

SÍÐAN 1996



Sverrir Einarsson

**ALÚÐ • VIRÐING
TRAUST • REYNSLA**

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is

Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

LÖGMAÑNSSTOFA

BJARNI LÁRUSSON

HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI
ÞVERHOLTÍ 2 MOSFELLSBÆ
669 7909 bjarni@allt.is



Sjúkrabjálfun & Sjúkranudd
**HEILSUEFLING
MOSFELLSBÆJAR**

Urðarholt 4 Mosfellsbæ

Sími 578 5080

GLERTÆKNI ehf

Völuteigi 21

- gler í alla glugga -

S. 566-8888 • WWW.GLERTAEKNI.IS

ÖKUKENNsla HREIÐARS

8201616

ÖKUKENNsla - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ



B. Markan ehf.

Pípulagnir

660 6690

www.bmarkan.is

Tek að mér
alla krana- og
krabbavinnu

Útvega allt
jarðefni

VÖRUBÍLL P.B.

Klapparhlíð 10
Þorsteinn 822-7142



ARI ODDSSON EHF

BYGGINGAVERKTAKI

MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA
FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI

Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is
Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070

www.arioddsson.is



BÍLAVIDGERÐIR
BÍLHÚSIÐ

www.bilhusid.is

Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

Passamyndir

Við bjóðum upp á myndatöku fyrir vegabréf, ökuskríteini, ferilskrár, starfsmannaskríteini og fleira, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Myndo.is

Þverholti 5 - 270 Mosfellsbæ
Pantanir í síma:
8981744 eða á myndo@myndo.is



SPURNING TIL BÆJARBÚA

Lýstu Covid í einu orði



MÁNI:
Ógeðslegt



RAGNAR:
Óskemmtilegt



KJARTAN:
Fun



EGILL:
Ópolandi



HELGA PÁLÍNA: Bráðsmitandi-leiðindaveiruandskoti.



ÖRLYGUR:
Leiðinlegt



@MOSFELLINGUR

Fylgdu okkur á Instagram...



Það bera sig allir vel



Á herrakótelettu



Vegavinnumverkamenn



Hornsteinshátið

HVERJIR VORU HVAR?


Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is



Mosós kvísur



Sprey-stelpurnar útskrifa



Hér sé stuð



Snorrinn og Stef



Handboltakempurnar



í Harðarbóli



Mættir á herrakvöld



BIRNA, JÖKULL OG KRÍSTRÚN
Á STYRKARKVÖLDI KVENNABOLTANS

TVÍFARAR



Eiður Ívars



Herra Hnetusmjör


Jólatímarnir eru fljótir að fara

Minum á að bóka núna í síma 5176677 eða kikja á noona.is/sprey

Erum komin með flotta jólapakka endilega kíktu í heimsókn.



Sími 5176677
noona.is/sprey



Jólamarkaður Skálatúns 2021

Laugardaginn 4. desember frá kl 10:00-16:00
verðum við í dagþjónustu Skálatúns með
okkar árlega jólamarkað. Far verðum við með
okkar glæsilegu handverksvörur til sölu.

Verið velkomin í Búðina okkar í
Skálatún í Mosfellsbæ.

Boðið verður upp á piparkökur og súkkulaði.

ÓSKA EFTIR EIGNUM

Vegna mikillar eftirspurnar eftir eignum í Mosfellsbæ óska ég eftir eignum á söluskrá



Ég aðstoða kaupendur í fasteignaviðskiptum þegar drauma eignin er fundin. Mæti að kostnaðarlausu með viðskiptavini að skoða eignina og veiti aðstoð í öllu ferlinu.

Hlakka til að heyra frá þér og ræða næstu skref.

Kristinn Sigurbjörnsson Löggiltur fasteignasali - Byggingafræðingur
Beinn sími: 560-5502 Netfang: kristinn@allt.is

Nýleg meðmæli:

Mæli eindregið með Kidda. Hann seldi fyrir mig. Mjög traustur og áreiðanlegur, fylginn sér og fullur af fróðleik með reynslu og þekkir mjög vel til byggingar og reglugerðar, var mér til halds og traust frá byrjun til enda frábær þjónusta. Fær 110 prósent meðmæli frá mér.

Kiddi fasteignasali starfar af áhuga á faginu og heillindum við sína viðskiptavini. Virkilega góð þjónusta og fagmannleg vinnubrögð.



www.allt.is Sími 560 5500



SÖNGLEIKUR Í BÆJARLEIKHÚSINU

Stúart litli er glænýr fjölskyldusöngleikur sem sýndur er í Bæjarleikhúsinu, stútfullur af söng og dansi. Hér má sjá glæsilegan hóp úr Leikfélagi Mosfellsveitar fyrir sýningu en þær fara fram á sunnudögum í vetur.

Mynd/RaggiÓla

Sæktu
Landsbanka-
appið



App Store Google Play

Múlalundur
Glæsileg
ritfangaverslun
í Mosfellsbæ
- kíktu við, þá vinna allir!



MÚLALUNDUR
vinnustofa SÍBS
við Reykjalund, Mosfellsbæ
www.mulalundur.is

MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR - VERÐMETUM



Pétur Pétursson
löggiltur
fasteignasali
897-0047



Davíð Ólafsson
löggiltur
fasteignasali
896-4732

Þjónusta við
Mosfellinga í 30 ár

Háholt 14, 2. hæð
588 55 30



Koparsléttu á Esjumelum



Vandað og vel byggt 285 fm iðnaðarhúsnæði á Esjumelum. Milliloftið er þar af ca 90 fm. Góð vinduhurð. Malbikað plan. Góð aðkoma. Mikil lofthæð í hluta húsnæðisins.
Verð: 59,5 m.

Skuggabakki



Vel byggt 53,2 fm hesthús við Skuggabakka. Gott gerði. 8 hesta hús. 4 rúmgóðar stíur. Kaffistofa, hnakkageymsla og hlaða. Góð aðkoma.
Verð: 12,8 m.

Leirvogstunga



Glæsilegt tveggja hæða einbýlishús með aukaíbúð á jarðhæð. Flottur útsýnisstaður við Leirvogstungu. 350 fm hús. Vel byggt, klætt að utan. Stórar svalir. Góð lofthæð. Hiti í gólfum á efri hæð. Vandað hús byggt af reyndum byggingameistara.

Sunnukriki



Glæsilegt húsnæði til leigu á frábærum útsýnisstað í Krikahverfi. Tveir eignarhlutar 110 fm og annar allt að 500 fm eftir aðstæðum. Næg bílastæði. Glæsileg eign með góða staðsetningu.